

Fundargerð 60. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2020, fimmtudaginn 19. nóvember kl. 13:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Rebekka Hilmarsdóttir, Baldur Smári Einarsson, Fannar Jónasson, Jón Björn Hákonarson og Matthildur Ásmundardóttir.

Einnig sátu fundinn Gauti Jóhannesson, Njáll Ragnarsson og Þorgeir Pálsson.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Reglur um stjórnarfundum og þóknun stjórnarfélags - 2011001SU

Formaður leggur fram til afgreiðslu fjórar tillögur að reglum um stjórnarfundum og þóknun til stjórnarfélags. Reglurnar eru samhljóma reglum Samtaka orkusveitarfélaga.

Nokkur umræða um tillögurnar. Bent á að einhver kostnaðarauki verður óhjákvæmilega af þessu, þó búast megi við að ferðakostnaður verði lægri. Ekki gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun. Bent á mikilvægi þess að varamenn og þar með fleiri aðildarsveitarfélög hafi rödd á þessum vettvangi. Líkur eru á að fundað verði bæði í gegnum fjarfundabúnað sem og á staðfundum.

Tillögurnar bornar upp allar í einu og þær samþykktar.

2. Kosning í embætti stjórnar - 2011001SU

Formaður gerir tillögu um að stjórn velji sér varaformann og gjaldkera. jafnframt að starfsmaður samtakanna gegni embætti ritara.

Lagt var til að Fannar Jónasson yrði áfram gjaldkeri og að Jón Björn Hákonarson yrði varaformaður samtakanna.

Báðar tillögur voru samþykktar.

Einnig lagt til að starfsmaður samtakanna myndi gegna ritara. Var það samþykkt.

3. Fundargerð aðalfundar 2020 - 2009272SU

Fundargerð lögð fyrir stjórn til kynningar. Fundargerð ritaði Valgerður Ágústsdóttir, starfsmaður Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga.

Fundargerð aðalfundar staðfest af stjórn.

4. Fundaáætlun stjórnar - 2011001SU

Rætt verður um fundaáætlun stjórnar.

Formaður lagði til að hann í samstarfi við starfsmann myndi vinna að fundaáætlun,

þannig að bókaðir væru 6 mánuðir fram í tímann. Lagt til að funda kl. 13:00 þriðja fimmtudag hvers mánaðar.

Tillagan var samþykkt og verður fundarboðum stillt upp og send út á stjórn.

Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins sat undir fundarlið nr. 5.

5. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003 - 2011002SU

Lögð fram til kynningar drög að frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003, ásamt umsögn Hafnasambandsins og drögum að umsögn sambandsins.

Stjórn tekur undir með umsögn Hafnasambandsins en undirstrikar mikilvægi þess að ákvæði um evrópskt flutningsnet verði tekið til endurskoðunar. Fram kom að þurfi að gæta þess að tekið sé tillit til íslenskra aðstæðna. Bent á vinnu fyrri stjórnar við samræmda aðferðafræði við gjaldtöku í höfnum.

Bryndís Gunnlaugsdóttir klárar sameiginlega umsögn sambandsins og samtakanna og sendir á stjórn.

Fundi var slitið kl. 14:00

Rebekka Hilmarsdóttir

Baldur Smári Einarsson

Fannar Jónasson

Jón Björn Hákonarson

Matthildur Ásmundardóttir

Gauti Jóhannesson

Njáll Ragnarsson

Porgeir Pálsson